

# Ársskýrsla fagdeildar fræðslu- og skólafélagsráðgjafa fyrir aðalfund Félagsráðgjafafélags Íslands 2022

**Fagráð:** Guðbjörg Edda Hermannsdóttir formaður, Sigrún Harðardóttir og Krístrún Helga Ólafsdóttir ritari.

Starfsárið 2021-2022 hjá fagdeild skólafélagsráðgjafa einkenndist líkt og árið á undan af Covid-19 heimsfaraldri. Fagráðið hittist á staðfundi í upphafi skólaárs þann 24. ágúst og lagði línurnar að komandi starfsári. Þess á milli fundaði fagráðið á fjarfundum og var í tölvupóstsamskiptum.

Fagdeildin boðaði starfandi skólafélagsráðgjafa til fundar þann 1. nóvember meðal annars til að ræða um starfið og launamál. Á fundinum var einnig rætt um nýja löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, farsældarlögin svokölluð, og aðkomu skólafélagsráðgjafa hvað hana varðar. Ákveðið var að finna aðila til að vera með fræðsluerindi þessu tengt.

Þann 29. nóvember 2021 stóð fagdeildin fyrir fundi um innleiðingu laga um samþættingu í þágu farsældar barna þar sem Hákon Sigursteinsson formaður verkefnastjórnar um farsæld barna hjá Skóla- og frístundasviði og Velferðarsviði Reykjavíkurborgar kynnti vinnu Reykjavíkurborgar með tilliti til breytinga meðal annars vegna farsældarlaganna.

Það er í forgangi að vinna að bættum launakjörum og fjölgun félagsráðgjafa í skólum. Þeir þættir eru ávallt til umfjöllunar hjá fagráðinu og starfandi skólafélagsráðgjöfum.

Í lok nóvember sl. var samþykkt í framkvæmdanefnd starfsmats að meta starf skólafélagsráðgjafa sem útgefið starf. Nú er hafin vinna við endurskoðun starfslýsingar og starfsmat og hluti starfandi skólafélagsráðgjafa er í úrtaki fyrir starfsmatið.

Þá stóð fagdeildin fyrir fræðslufundi 21. febrúar sl. með dr. Sigrúnu Júlíusdóttur um félagsráðgjöf í samþættri velferðarþjónustu með áherslu á þverfaglegan stuðning við börn í skólum.

Eins og kom fram í síðustu skýrslu þá lagði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir þáverandi þingkona Samfylkingarinnar fram tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum í mars 2020 og mælti Albertína fyrir henni á Alþingi í lok nóvember sama ár.

Tillagan fór til vinnslu inn í allsherjar- og menntamálanefnd en náði ekki lengra fyrir lok þingárs 2021. Oddný Harðardóttir þingkona og flokksystir Albertínu tók að sér fylgja tillögunni eftir á yfirstandandi þingári. Hún lagði tillöguna fram aftur ásamt tíu öðrum þingmönnum úr fjórum flokkum. Fagdeildin kom að því aðstoða og aðlaga tillöguna að nýjum farsældarlögum. Tillögunni var útbýtt á þinginu þann 31. janúar sl. og bíður þess nú að vera tekin til fyrri umræðu í þingsal.

Það er áframhaldandi markmið að viðhalda og virkja samskipti þeirra félagsráðgjafa sem nú þegar eru starfandi í skólum landsins og ásamt því að fylgja eftir áðurnefndri þingsályktunartillögu og nýta tækifærið að efla og vekja athygli á félagsráðgjöf í skólum í ljósi farsældarlaganna.

7. mars 2022

Krísturín Helga Ólafsdóttir  
Guðbjörg Edda Hermannsdóttir  
Sigrún Harðardóttir